

Tillaga til þingsályktunar

um eignarhald í laxeldi.

Flm.: Halla Signý Kristjánsdóttir, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir,
Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson,
Oddný G. Harðardóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímagn Magnússon,
Inga Sæland, Tómas A. Tómasson.

- Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það að markmiði að:
- koma með tillögur um hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds á laxeldisleyfum,
 - skoða hvort takmarka eigi eignarhald erlendra aðila á laxeldisleyfum.
- Ráðherra leggja niðurstöður starfshópsins fyrir Alþingi eigi síðar en 30. apríl 2024.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 152. og 153. löggjafarþingi (122. mál) og er nú endurflutt. Ekki bárust margar umsagnir um málið á 152. löggjafarþingi en ítrekað var mikilvægi þess að taka til sérstakrar skoðunar takmörkun á eignarhaldi og frekari samþjöppun framleiðsluheimilda í fiskeldi. Í umsögn ÍS 47 ehf. og Hábrúna hf. kom m.a. fram að 95% framleiðsluheimilda samkvæmt útgefnum rekstrarleyfum til sjókvíaeldis væru í höndunum á tveimur norskum fyrirtækjasamstæðum. Teldist það afar óheppilegt þar sem um væri að ræða tvo ráðandi aðila á Íslandi í yfirburðastöðu, t.d. gagnvart ríki og sveitarfélögum, íslenskum frumkvöðlafélögum í fiskeldi, birgjum og starfsmönnum. Á 153. löggjafarþingi bárust tvær umsagnir um tillöguna, annars vegar frá Arnarlaxi sem kom inn á mikilvægi aðkomu erlendra aðila að greininni vegna viðskiptatengsla auk þess sem gagnrýndar voru hugmyndir um að takmarka eignarhald erlendra aðila á laxeldisleyfum. Hins vegar kom umsögn frá Landvernd sem vill að sú úttekt sem hér er lögð til sé ítarlegri og nái til fleiri þátta.

Fiskeldi á Íslandi er ung atvinnugrein í örur vexti en mikill uppgangur hefur verið í fiskeldi á heimsvísu undanfarna áratugi. Gríðarleg framþróun hefur einnig orðið í laxeldi í nágrenni okkar í Norður-Atlantshafi; laxeldi er til að mynda umfangsmeira í hagkerfi Noregs en hefðbundinn sjávarútvegur. Mikilvægt er að horfa til þróunar í nágrenni okkar og nýta þá reynslu sem þar hefur orðið til svo að hægt verði að byggja upp heilbrigða starfsemi hér á landi.

Eignarhald laxeldisfyrirtækja á Íslandi hefur þróast þannig að mikil samþjöppun hefur orðið, sem getur leitt til þess að fáein fyrirtæki verði allsráðandi. Í þessum rekstri sem öðrum er stærðarhagkvæmni mikilsverð en við ákveðna stærð verða til óæskileg áhrif, m.a. á atvinnuöryggi þeirra sem starfa í greininni. Lög um fiskeldi, nr. 71/2008, setja ekki skorður við framsali á rekstrarleyfum í laxeldi, en framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfum er þó háð samþykki Matvælastofnunar. Hugsanlegt er að einn aðili eignist öll gild rekstrarleyfi og stýri þannig allri framleiðslu á eldisfiski og seiðaeldi í sjó og á landi. Við það skapast sú hættu að einn aðili stjórni stórum landsvæðum með þeim afleiðingum að samfélög, sveitar-

stjórnir og stjórnvöld eigi meira undir honum en góðu hófi gegnir. Þá ná samkeppnislög, nr. 44/2005, illa utan um samþjöppun í laxeldi á Íslandi þar sem laxeldisfyrirtæki selja meginþorra framleiðslu sinnar úr landi. Í skýrslu Boston Consulting Group um lagareldi sem kynnt var í febrúar 2023 kom fram að í Færeyjum gilda reglur sem takmarka erlent eignarhald. Þar mega erlendir aðilar eiga allt að 20% beint eða óbeint í fiskeldisfyrirtækjum. Þá kveða nýlegar breytingar á lögum um lagareldi á um að fiskeldisfyrirtæki megi ekki eiga meira en 50% af heildarfjölda leyfa á tilteknu tímabili. Það eigi þó ekki við um leyfi sem búið er að veita, jafnvel þótt eignarhald sé yfir hinum nýju takmörkunum. Auk þess er hægt að afturkalla leyfi ef til verulegra brota kemur gegn þeim skilyrðum sem kveðið er á um í tilteknum leyfissamningum eða brota á lögum um lagareldi eða umhverfi. Rætt er um það í Noregi að leiða sambærileg ákvæði í lög.

Laxeldisfyrirtæki á Íslandi eru í meirihlutaeigu útlendinga og útlit fyrir verulega samþjöppun á því eignarhaldi. Í íslenskum lögum er ekki að finna takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila í fiskeldi. Flutningsmenn telja brýnt að athugað verði hvort takmarka beri slíkt eignarhald erlendra aðila. Í því samhengi mætti líta til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991. Þar er ákvæði um að fiskveiðar í íslenskri efnahagslögsögu séu eingöngu heimilar fyrirtækjum sem eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutfé eða stofnfé. Flutningsmenn telja mikilvægt að kannað verði hvort setja megi sambærilegar reglur að því er snertir laxeldi.

Flutningsmönnum þykir áriðandi að tryggt verði með lagasetningu að laxeldi á Íslandi verði ekki í eigu örfárra aðila, að fjölbreytni ríki í greininni og að eignarhald verði staðbund-
ið. Miklu varðar að samhliða uppbyggingu laxeldis á Íslandi verði gengið úr skugga um að atvinnulíf og mannlíf á viðkomandi svæðum blómstri. Vissulega er ekki unnt að tryggja með dreifðu eignarhaldi að slátrun eða vinnsla eldisfisks verði á tilteknum stað. Með betri tengingu við byggðina sem í hlut á aukast þó líkur á að ákvarðanir verði teknar með tilliti til hennar. Við framþróun laxeldisfyrirtækja á Íslandi þarf að horfa til byggðasjónarmiða og sjá til þess að eldið skili tekjum til þess samfélags þar sem fyrirtækin eru staðsett. Flutningsmenn eru hlynntir laxeldi á Íslandi en telja þýðingarmikið að greinin verði ekki í eigu örfárra aðila. Laxeldi verður að vaxa og dafna í sátt við umhverfi og samfélag.